

Fundargerð

32. fundur íþróttá- og tómstundanefndar Langanesbyggðar
haldinn þann 5. febrúar 2009 kl. 17:00 í Veri.

Mætt eru: Árni Davíð Haraldsson, Sóley Vífilsdóttir,
Heiðrún Óladóttir, Linda E. Phersson, og Halldóra
Gunnarsdóttir.

Dagskrá.

1. Eypór Atli mætti á fundinn og fór yfir helstu atriði
íþróttá -miðstöðvarinnar. Fyrirhuguð er um 15%
hækkun á gjaldskrá stöðvarinnar.

Viðgerðarmaður er væntanlegur til að líta á
gufubaðið „ fæst orð hafa minnsta ábyrgð“ .

Í tækjasalnum gilda þær reglur eins og annars
staðar að börn yngri en 16 ára eru þar á ábyrgð
foreldra sinna. 237 komur í janúar miðað við 209
árið 2008. Reikna má með að hægjast fari á
þegar líður á veturinn eins og undanfarin ár. Í
sund mættu 7.125 allt árið 2008. Í heild er mjög
góð nýting á húsinu öllu. Barnasund (3 – 5 ára)
og sund eldri borgara gengur vel og er látið vel
af.

2. Sölvi Alfreðsson fór í gegnum verðskrá félagsheimilisins. Sólarhringsleigan er nú orðin: Salur, kr. 22.000,-, kaffistofa, kr. 12.000,-, leirtau, kr. 5.000,-. Leirtau og hljóðkerfi er ekki leigt út úr húsi.
3. Starfslýsing ÆMF. 3.grein. „ Viðkomandi er í samráði við stjórnendur grunnskólans um tómstundastarf innan hans “ Annars er starfslýsing ÆMF samþykkt samhljóða.
4. a) Así – aðgengi atvinnulausra að sundstöðum. ÍTN tekur vel í hugmynd ASÍ varðandi ofangreint mál. Málinu vísað til hreppsnefndar til frekari úrvinnslu.
b) Kátir dagar 2009 – tillaga að fyrirkomulagi. ÍTN hefur ákveðinn aðila í huga sem Linda ætlar að setja sig í samband við þ.e. úr röðum frjálsra félaga á svæðinu.
5. Öskudagurinn 25. Febrúar. Halldóra ætlar að setja sig inn í málið og koma með hugmyndir.
6. Félagsmiðstöðin – fjárhagsáætlun. Til æskulýðs-íþrotta- og menningarmála verður ráðstafað kr. 900.000,- til starfsársins 2009. ÍTN óskar eftir því að framvegis verði leitað til nefndarinnar varðandi

fjárhagsáætlun hvað varðar íþróttá - og
tómstundamál.

Fleira ekki rætt, fundi slitið kl. 18.40.

Árni Davíð Haraldsson, ritari.